Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík 29.03.2021

Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 24. mars 2021 varðandi eftirfarandi mál.

**Kjalarnes, Skrauthólar**
Lögð fram umsókn Finns Kristinssonar dags. 9. mars 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Skrauthóla á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að afmörkun deiliskipulags Skrauthóla er færð til austurs um nokkra metra, vegna breytingar á deiliskipulagi Vesturlandsvegar, auk þess að stofnstíg er bætt við, samkvæmt uppdr. Landslags ehf. dags. 8. mars 2021.

*Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*
*Vísað til borgarráðs.*

*Björn Ingi Edvardsson verkefnastjóri og Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir deildarstjóri ásamt Önnu Elínu Jóhannsdóttur og Rúnu Ásmundsdóttur frá Vegagerðinni taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.*

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

____________________________

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Fylgiskjal: uppdr. Landslags ehf. dags. 8. mars 2021.




Hluti af gildandi deiliskipulagi Skrauthóla, staðfest 12.06.2015, með breytingu frá 06.07.2018. Mkv. 1:5000




Tillaga að breytingu deiliskipulags Skrauthóla. Mkv 1:5000

## Greinargerð

Markmið: Vegna breytingar á deiliskipulagi Vesturlandsvegar er afmörkun deiliskipulags Skrauthóla færð til austurs um nokkra metra auk þess að stofnstíg er bætt við.

1. Texti fyrir breytingu: Skipulagssvæðið afmarkast til vesturs af veghelgunarlínu Vesturlandsvegar að öðru leyti afmarkast það af landamerkjum Skrauthóla líkt og áður. Sjá nánari afmörkun á uppdrætti.

   Eftir breytingu: Skipulagssvæðið afmarkast til vesturs af deiliskipulagsmörkum Vesturlandsvegar, að öðru leyti afmarkast það af landamerkjum Skrauthóla líkt og áður. Sjá nánari afmörkun á uppdrætti.

2. Gert ráð fyrir stofnstíg á milli hliðarvegar og reiðleiðar austan við Esjuveg.




Hluti af aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030



Afstöðumynd




Gildandi deiliskipulag Skrauthóla

## Skýringar

- Breytt deiliskipulagsmörk
- Núverandi deiliskipulagsmörk
- Lóðarmörk
- Viðbygging
- 25.235 m2 — Lóðarstærð
- Vegur
- Græni trefillinn
- Reiðleiðir
- 290-1 — Fornleifar
- Nýr stofnstígur

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1.mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í ________________________ þann __________ 20__ og í ________________________ þann __________ 20__.

Tillagan var auglýst frá __________20__ með athugasemdarfresti til __________ 20__.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsbreytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann __________ 20__.

____________________________________

**Deiliskipulag Skrauthóla á Kjalarnesi**
Deiliskipulagsbreyting – Tillaga
Breytt afmörkun og stofnstígur

| | | | |
|---|---|---|---|
| KVARÐI–A3: | 1:5000 | TEIKN NR: | |
| DAGS: | 08.03.2021 | HANNAÐ: | |
| FLOKKUR: | 0000–reyk | TEIKNAÐ: | HN |
| SKRÁ: | 21017–Skrautholar–dskbr | VERKNR: | 21017 |

LANDSLAG

X:\0-VERK\0000-REYK\A\21017-VESTURLANDSVEGUR-AÐLIGGJANDI-DSK\SKRAUTHÓLAR\TEIKN\DWG\21017-SKRAUTHOLAR-DSKBR.DWG